

MINNISBLAÐ – ÚTVARPSSTJÓRA
Aðskilnaður samkeppnisrekstrar frá almannaþjónustu
13. desember 2012

Vísað er til fundar undirritaðs með allsherjar- og menntamálanefnd fyrr í dag.

Líkt og fram kom á fundinum þá er það mat RÚV að 4. gr. fyrirbyggjandi frumvarps til laga um Ríkisútvarpið feli í sér kvaðir, einkum í fjárhags- og rekstrarlegu tilliti, sem ganga lengra en nauðsyn krefur til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Líkt og kunnugt er þá er í tilvísaðri frumvarpsgrein lagt á ráðin um stofnun sérstaks dótturfélags utan um þá starfsemi RÚV sem telst eftir atvikum til samkeppnisrekstrar, þ.e. fellur ekki undir almannaðjónustuhlutverk RÚV eins og það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Tilgangurinn mun vera sá að stemma stigu við að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi, þ.e. almannaðjónustunni.

RÚV gerir ekki athugasemd við þessi markmið sem slík en telur, sem fyrr greinir, að unnt sé að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með öðrum hætti, sem horfir í senn til einföldunar og fjárhagslegs hagræðis. Nánar tiltekið, og til samræmis við viðtekin sjónarmið í samkeppnisrétti, þá er unnt að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi, þ.e. almannaðjónustunni, með stofnun sérstakrar einingar, sem skal vera með sjálfstætt reikningshald, án þess að slíkt kalli á stofnun sérstaks dótturfélags, með tilheyrandi kostnaði og umsýslu, eins og ráðgert er. Það er vel þekkt að halda samkeppnisrekstri frá almannaðjónustustarfsemi án þess að hafa sérstakan lögaðila um samkeppnisreksturinn, sbr. t.d. til lög nr. 19/2002 um pósthjónustu og raforkulög nr. 65/2003. Er þessi tilhögun jafnframt t.d. við lýði hjá írsku ríkisútvarpinu RTE.

RÚV telur því rétt að frumvarpinu sé breytt þannig að mælt sé fyrir um heimild í stað skyldu til stofnunar dótturfélags í 4. gr. frumvarpsins. Sé sú heimild hins vegar ekki nýtt, þá leiðir umræddur bókhaldslegur aðskilnaður væntanlega af 5. gr. frumvarpsins, eins og hún er í núverandi mynd, eftir því sem RÚV fær best ráðið.

Lagt er til að lagatextanum verði breytt á eftirfarandi hátt:

4. gr.

Önnur starfsemi.

Ríkisútvarpið ~~er heimilt að skil~~ stofna og reka dótturfélög, sem að fullu leyti eru í eigu þess, fyrir aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í 3. gr. Þá er Ríkisútvarpinu heimilt að eiga hlut í fyrirtækjum sem framleiða, vinna eða dreifa dagskrárefni.

Tilgangur dótturfélaga Ríkisútvarpsins, sé heimildin nýtt til stofnunar þeirra, er að styðja við starfsemi móðurfélagsins með því að nýta tækniúnað, dreifikerfi, sérþekkingu starfsmanna og aðstöðu Ríkisútvarpsins til annarrar starfsemi en þeirrar sem fellur undir 3. gr. Innan

starfsemi dótturfélaga ~~fellur getur fallið~~ m.a. að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar áður framleiddu efni í eigu Ríkisútvarpsins. Einnig að selja birtingarrétt að efni

Ríkisútvarpsins og að framleiða og selja vörur sem tengjast framleiðslu Ríkisútvarpsins á efni sem fellur undir 3. gr. Dótturfélagi er heimilt að semja við önnur fyrirtæki um framangreind verkefni. Ríkisútvarpið skal setja gjaldskrá fyrir þessa starfsemi og birta á vef sínum.

Ríkisútvarpinu ~~skal fela~~ er heimilt að fela dótturfélagi að selja birtingar á viðskiptaboðum í miðlum Ríkisútvarpsins, sbr. 7. gr. Fjárreiðum vegna sölu á birtingu viðskiptaboða skv. 7. gr. skal halda aðgreindum frá starfsemi sem fellur undir 3. gr.

Starfsemi dótturfélaga Ríkisútvarpsins samkvæmt þessari grein lýtur sömu löggjöf og starfsemi félaga í samkeppnisrekstri. Viðskipti Ríkisútvarpsins og dótturfélaga þess skulu fara fram á markaðslegum forsendum.

Tryggja skal ritstjórnarlegan aðskilnað milli Ríkisútvarpsins og dótturfélaga þess.

Nánar skal kveða á um skipan stjórnna í dótturfélögum Ríkisútvarpsins í samþykktum þess.